

Föstudaginn 2. desember 1983.

Nr. 141/1981. **Guðmundur Tómasson**

(Páll A. Pálsson hrl.)

gegn

Ólafi Róbert Ingibjörnssyni

og gagnsök

(Guðmundur Markússon hrl.).

Skuldamál. Bílaleiga. Húftrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Gagnáfrýjandi, Ólafur Róbert Ingibjörnsson, skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. apríl 1981. Var málið þingfest fyrir Hæstarétti 4. maí 1981 sem hæstaréttarmál nr. 99/1981.

Áfrýjandi, Guðmundur Tómasson, gagnáfrýjaði málinu með stefnu 29. júní 1981. Var það mál þingfest sem hæstaréttarmál nr. 141/1981 og málin sameinuð. Á dómþingi Hæstaréttar 2. desember 1981 féll niður þingsókn af hálfu þáverandi aðaláfrýjanda, Ólafs Róberts, og gekk útivistardómur í aðalsök, en þáverandi gagnáfrýjandi, Guðmundur Tómasson, frestaði gagnsök til dómþings Hæstaréttar 8. janúar 1982. Með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 var málinu áfrýjað að nýju af hálfu Ólafs Róberts með stefnu 15. desember 1981. Telst hann því nú gagnáfrýjandi, en Guðmundur Tómasson aðaláfrýjandi.

Dómkröfur aðaláfrýjanda, Guðmundar Tómassonar, fyrir Hæstarétti eru þær „aðallega, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og að Ólafi Róbert Ingibjörnssyni verði gert að greiða Guðmundi Tómassyni kr. 44.500.- auk 31% ársvaxta frá 14. desember 1979 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Til vara er þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og dómþola gert að greiða dómhafa málskostnað í Hæstarétti.“

Dómkröfur gagnáfrýjanda, Ólafs Róberts Ingibjörnssonar, fyrir Hæstarétti eru þær, að héraðsdóminum verði breytt á þá lund, að

honum verði einungis gert að greiða áfrýjanda 575.00 krónur, en jafnframt verði áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í leigusamningi um bifreiðina K 1802 hinn 8. júní 1977 tekur gagnáfrýjandi Ólafur Róbert bifreiðina á leigu af Bílaleigu Sauðárkróks, sem er talin eign aðaláfrýjanda. Leigutími var til 14. júní 1977. Í 5. tölulið leiguskilmála segir m. a.: „Bifreiðin er húftryggð (kaskó) að frádregnum fyrstu kr. 40.000, sem leigutaki greiðir einnig.“

Fallast ber á það með gagnáfrýjanda að hann mætti treysta því, að bifreiðin væri húftryggi og að hann bæri ekki aðra áhættu en sem næmi þeim gkr. 40.000, sem greinir í tölulið þessum, ef hann héldi sig innan lögleyfðra marka, sem almennt eru sett í húftryggingarskilmálum.

Aðaláfrýjandi byggir kröfugerð sína á því, að gagnáfrýjandi hafi valdið tjóni því, sem málið snýst um, með því að aka bifreiðinni ölvaður, og síðan hafi hann yfirgefið slysstað án þess að tilkynna lögreglu og gera viðeigandi ráðstafanir, en um þetta er fjallað í 11. tölulið framangreindra leiguskilmála.

Gagnáfrýjandi reikaði slasaður frá slystað til þess að leita hjálpar. Verður honum ekki lagt það til lasts sem brot á 11. tölulið leiguskilmála.

Um ástand gagnáfrýjanda eftir slysið eru allnokkur gögn, þótt láðst hafi að taka blóðsýni til alkóhólranssóknar. Ríkissaksóknari ákærði gagnáfrýjanda ekki út af slysinu. Héraðsdómari byggir niðurstöðu sína um, að sannað sé, að gagnáfrýjandi hafi verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðarinnar K 1802, á vætti lögregluvarðstjóranna Kristjáns Jóns Kristjánssonar og Kristjáns Rafns Guðmundssonar svo og vætti Einars Vals Guðmundssonar og Bjarnspórs Sverrissonar, sem komu að í leigubifreið, rétt eftir að slysið varð. Eru skýrlur þessara vitna raktar í hinum áfrýjaða dómi. Lögregluvarðstjórnir bera báðir, að gagnáfrýjandi hafi verið ölvaður, án þess þó að þeir greini einstök einkenni um ölvun önnur en áfengislykt. Samkvæmt leigusamningi um bifreiðina K 1802 hefst leigan 8. júní 1977 kl. 5 (17) á Sauðárkróki. Slysið varð á Eyrarhlíð í Ísafjarðarkaupstað um kl. 5 að morgni 10. júní, eða um það bil 36 klukkustundum eftir að ferð hófst frá Sauðárkróki. Þykir þetta

draga úr gildi framburðar Kristjáns Rafns Guðmundssonar, sem kveður gagnáfrýjanda hafa verið á fyllirii ásamt fleirum næstu daga á undan og lögreglan þurft að hafa afskipti af þeim.

Í framburði vitnanna Einars Vals og Bjarnspórs kemur fram, að þeir geta ekki borið um ástand gagnáfrýjanda samkvæmt eigin at-hugunum, heldur byggjast skoðanir þeirra á ástandi hans á álykt-unum, sem þeir draga af því, að gagnáfrýjandi fékk annan mann til þess að aka fyrir sig kvöldið áður.

Vitnið Indriði Guðmundsson, sem skaut skjólshúsi yfir gagnáfrýj-anda eftir slysið, kveður hann hafa beðið sig að hringja í lögreglu og lækni vegna slyssins. Þetta vitni kveðst ekki geta sagt til um það, hvort gagnáfrýjandi hafi verið ölvaður.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið hér að framan, verður ekki talið, að svo örugg vitneskja sé fram kominn um ástand gagnáfrýj-anda, er slysið varð, að sannað megi telja gegn eindreginni neitun hans, að hann hafi verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar K 1802, er slysið varð.

Aðaláfrýjanda hefur eigi heldur tekist að sanna, að gagnáfrýjandi hafi verið svo á sig kominn að öðru leyti við akstur bifreiðarinnar, að það hefði leyst váttryggingarfélagið undan greiðsluskyldu sinni, ef húftrygging hefði verið tekin með venjubundnum skilyrðum.

Verður gagnáfrýjandi því ekki dæmdur til þess að greiða aðal-áfrýjanda andvirði bifreiðarinnar eða bæta fyrir afnotamissi hennar.

Svo sem greinir í héraðsdómi, bauð gagnáfrýjandi fram greiðslu á leigugjaldi, gkr. 37.500, og greiðslu eigin áhættufjár skv. 5. tölulið leiguskilmála, gkr. 40.000, að frádragnum innborguðu geymslufé, gkr. 20.000, eða samtals gkr. 57.500. Við málflutning í héraði var dregið til baka boð um greiðslu eigin áhættu, gkr. 40.000, þannig að boð hans um greiðslu fyrir héraðsdómi nam aðeins gkr. 17.500. Nú hefur aðaláfrýjandi hækkað greiðsluboð sitt í 575.00 krónur (gkr. 57.500), svo sem gert var í upphafi fyrir héraðsdómi.

Ber að dæma gagnáfrýjanda til þess að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð, en hann hefur ekki innt greiðslu þessa af hendi. Dæma ber vexti, svo sem greinir í dómsorði.

Eins og málavöxtum er háttað og með tilliti til óákveðinnr af-stöðu gagnáfrýjanda varðandi skuld sína og vanrækslu á að inna

af hendi greiðslu hennar, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, Ólafur Róbert Ingibjörnsson, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Tómassyni, 575.00 krónur með 31% ársvöxtum frá 14. desember 1979 til greiðsludags að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Sauðárkróks 15. janúar 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 15. janúar, var á bæjarþingi Sauðárkróks, sem haldið var af Jóhanni Salberg Guðmundssyni bæjarfógeta, kveðinn upp í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 á Sauðárkróki dómur í málinu nr. 2/1980: Guðmundur Tómasson gegn Ólafi Róbert Ingibjörnssyni og til réttargæslu Sigurgeiri Bjarna Árnasyni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 11. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Guðmundi Tómassyni hótélhaldara, Aðalgötu 7, Sauðárkróki, með stefnu; útgefinni 14. desember 1979, gegn Ólafi Róbert Ingibjörnssyni, Hólabraut 25, Höfðakaupstað, Austur-Húnavatnssýslu, og til réttargæslu Sigurgeiri Bjarna Árnasyni, Sundstræti 14, Ísafirði. Stefnan hefur verið löglega birt. Málið var þingfest 17. janúar 1980.

Stefnandi gerði þær dómkröfur, að stefnda verði gert að greiða sér *aðallega* kr. 4.450.000 auk 31% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og *til vara* kr. 1.911.614 auk 13% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 10. júní 1974 til 21. nóv. 1977, 16% ársvaxta frá þeim tíma til 21. febrúar 1978, 19% ársvaxta frá þeim tíma til 1. júní 1979, 22% ársvaxta frá þeim tíma til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim tíma til 1. desember 1979 og 31% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags svo og að greiða sér hæfilegan málskostnað skv. taxta LMFÍ. Stefnandi hefur eigi gert dómkröfur á hendur réttargæslustefnda að svo stöddu.

Af hálfu stefnda er þess krafist, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda gegn greiðslu kr. 57.500, auk þess sem krafist er málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. taxta LMFÍ. Í flutningi málsins hefur lögmaður stefnda lækkað framangreint tilboð úr kr. 57.500 í kr. 17.500.

Málavextir eru sem hér segir:

Þann 8. júní 1977, kl. 5, tók stefndi á leigu af stefnanda bifreiðina K 1802 af gerðinni Volkswagen frá árinu 1977, þá aðeins ekna 6.680 km. Gert var ráð fyrir, að leigutíma lyki 14. s. m. Umsamin leiga var kr. 2.500 á

dag og kr. 25 fyrir hvern ekinn kílómetra. Við undirskrift samnings greiddi stefndi stefnanda kr. 20.000 í svonefnt geymslugjald. Gerður var samningur um leigu bifreiðarinnar á prentað eyðublað í þessu skyni. Á bakhlið samningsins eru prentuð ýmis ákvæði um leiguna, einkum skyldur leigutaka og ábyrgð.

Það er af ferðum stefnda að segja, að hann ók bifreiðinni til Ísafjarðar og telur hana hafa reynst ágæta í akstri alla þá leið. Með sér í bifreiðinni kveður hann hafa verið Matthías Guðmundsson og Þórdísi Sigurðardóttur. Stefndi telur sig hafa komið til Ísafjarðar í bifreiðinni fimmtudaginn 9. júní um kl. 1730. Hann fékk gististað í Hótel Eddu í Mí á Torfunesi. Þetta kvöld fór stefndi að aka um bæinn, og voru með honum að sögn hans áðurgreindur Matthías og réttargæslustefndi, Sigurgeir Bjarni Árnason. Stefndi segir þessa féлага sína hafa haft með sér áfengi og drukkið af því í bifreiðinni. Sjálfur kveðst hann eigi hafa haft með sér áfengi og eigi neytt þess hjá félögum sínum. Hann kveður þá hafa ekið til Suðureyrar og aftur til Ísafjarðar og komið þangað um kl. 22 þetta kvöld. Þá á Matthías Guðmundsson að hafa farið úr bifreiðinni. Kveður Stefndi þá Sigurgeir Bjarna, réttargæslustefnda, hafa síðan verið um kvöldið í herbergi stefnda í Hótel Eddu, og segir hann Sigurgeir Bjarna hafa verið allölvaðan. Sjálfur kveðst stefndi eigi hafa smakkað áfengi. Um kl. 5 aðfaranótt 10. júní kom þeim félögum saman um að fara í bifreiðinni K 1802 til Bolungarvíkur, og varð það úr. Stefndi kveðst hafa verið syfjaður og þreyttur, er hann ók af stað í bifreiðinni. Er þeir voru komnir út á Hnífsdalsveg, og stefndi ók með 70—75 kom hraða á klst., kveðst hann eigi muna eftir eða gera sér grein fyrir, hvað gerðist, því hann muni það eitt, að hann var í sjónum og komst með einhverjum hætti út úr bifreiðinni K 1802. Kveðst hann síðan hafa skriðið upp á veginn og kallað á hjálp. Kom þá fólksflutningabifreið inn veginn, og telur stefndi bifreiðarstjórann munu hafa heitið Kristinn, og voru með honum 2 farþegar. Fóru þeir þegar á vettvang og björguðu Sigurgeiri Bjarna Árnasyni út úr bifreiðinni. Á meðan fór stefndi gangandi um veginn og í fyrsta hús, sem varð á vegi hans, og bað húsráðanda þar að hringja í lögreglu. Síðan fékk stefndi að leggja sig, því hann fann mjög til í baki. Nokkru síðar var hann fluttur í sjúkrahús á Ísafirði. Þessi frásögn er skv. skýrslu, er lögregla Ísafjarðar tók af stefnda 4. júlí 1977.

Samkvæmt skýrslu Kristjáns J. Kristjánssonar varðstjóra 10. júní 1977 var hringt í síma lögreglu Ísafjarðar þann dag kl. 4.45 og tilkynnt um útafakstur bifreiðar á Eyrarhlíð. Fór lögregla þegar á vettvang fyrir utan Miðhlíð í námunda við Götuhallann. Þar sást Volkswagen bifreið í sjónum, og voru í fjörunni 3 ölváðir menn að bjástra við slasaðan mann, sem hafði verið í bifreiðinni. Maður sá reyndist vera Sigurgeir Bjarni Árnason, réttargæslustefndi í máli þessu. Honum var ekið á sjúkrahús. Segir í skýrslunni,

að hann hafi verið með blæðandi sár á höfði, gegnblautur og kaldur, og var ekki að sjá að hann væri með rænu. Mennirnir, sem voru í fjörinni, þeir Bjarnþór Sverrisson, Einar Valur Guðmundsson og Jón Steinar Ragnarsson, sögðu, að fleiri menn hefðu verið í bifreiðinni og hefði einn þeirra hlaupið í burt. Skömmu síðar fannst maður þessi heima hjá Indriða Guðmundsyni í ysta húsi við Hnífsdalsveg. Þar lá stefndi uppi í rúmi og kvartaði um eymsli í baki. Sagði stefndi, að Sigurgeir Bjarni, réttargæslustefndi, hefði verið í bifreiðinni og ekið henni. Farið var með stefnda Ólaf Róbert í sjúkrahús. Segir í skýrslunni, að bifreiðin K 1802 sé mikið skemmd og að líkindum ónýtt. Þá er talið víst, að báðir mennirnir hafi verið ölvaðir, þegar þetta gerðist. Í skýrslu sama varðstjóra, dags. sama dag, segir, að Sigurgeir Bjarni hafi verið ökumaður K 1802, að sögn Ólafs R. Ingibjörns-sonar.

Í lögregluskýrslu, sem tekin var 10. júní 1977 af Kristni Friðbjörnssyni leigubifreiðarstjóra, sem kom fyrstur manna að bifreiðinni K 1802, eftir að henni hafði verið ekið út af Eyrarvegi þá um nóttina, kveðst hann hafa verið á leiðinni frá Hnífsdal inn á Ísafjörð og haft að farþegum 3 ölvaða menn. Fyrir innan Götuhallann hitti hann fyrir sér mann, sem var „sjáanlega blautur“ og sagði, að bifreiðarslys hefði orðið rétt fyrir utan. Tveir farþeganna í bifreið Kristins hlupu þegar út veginn, en Kristinn sneri við og ók til baka um 300 — 400 m út veginn. Þar sá hann, hvar Volkswagen bifreið var úti í sjó, og hékk maður á hnésbótunum út um afturgluggann, en efri hluti líkamans var á floti í sjónum. Téðir farþegar Kristins náðu manninum úr bifreiðinni, og var honum hagrætt í fjörinni. Skömmu síðar kom lögregla og flutti manninn, sem reyndist vera réttargæslustefndi Sigurgeir Árnason, í sjúkrahús.

Lögregluskýrsla var tekin af réttargæslustefnda, Sigurgeiri Bjarna, þann 4. júlí 1977. Honum var kynnt skýrsla stefnda Ólafs Róberts, sem áður getur og gerð var sama dag, og kvaðst hann telja þá skýrslu rétta. Þó kveðst réttargæslustefndi ekki muna eftir því, að þeir félagar hafi farið um kl. 5 þann 10. júní frá Hótel Eddu áleiðis til Bolungarvíkur. Hann kveðst þó muna eftir að hafa farið inn í bifreiðina K 1802 og setið þar við hlið Ólafs Róberts. Hann kveður Ólaf hafa ekið bifreiðinni og hafi hraðinn í akstri verið 65 — 70 km á klst. Hann kveðst að öðru leyti ekkert muna um ferðir þeirra féлага og ekkert muna eftir slysinu. Hann kveðst eigi hafa komist til meðvitundar fyrr en í sjúkrahúsi í Reykjavík og hafi hann legið þar nokkra daga, uns hann var fluttur heim.

Kristján J. Kristjánsson, lögregluvarðstjóri á Ísafirði, hefur þann 5. desember 1977 gert skýrslu um ástand Ólafs R. Ingibjörns-sonar í tengslum við umferðarslysið á bifreiðinni K 1802, er henni var ekið út af Eyrarvegi 10. júní 1977. Þar segir m. a., að er komið var að Ólafi heima hjá Indriða

Guðmundssyni þessa nótt, hafi hann legið þar á divan, sjáanlega ölvaður og af honum hafi lagt áfengisþef. Var farið með manninn í sjúkrahúsið. Þar var læknir, sem tók á móti Ólafi og Sigurgeiri sagt frá grun um ölvun þeirra við akstur. Ekki var beðið eftir töku blóðs úr mönnum, og varð ekki úr henni. Í skýrslunni segir enn fremur, að Ólafur hafi sagt Sigurgeir hafa ekið bifreiðinni, þegar slysið varð.

Indriði Guðmundsson, sem skaut skjólshúsi yfir Ólaf Róbert eftir slysið, hefur í skýrslu, sem lögreglan tók af honum, ekki treyst sér til að segja um það, hvort Ólafur var ölvaður, þegar hann kom til Indriða um nóttina, en segir hann hafa verið miður sín og niðurbrotinn.

Nokkur vitni hafa komið fyrir sakadóm Ísafjarðar út af máli þessu, og skal hér á eftir greint frá vætti þeirra:

Kristján Friðbjarnarson leigubifreiðarstjóri, fæddur 22. júní 1936, til heimilis í Hnífsdal, hefur kannast við og staðfest skýrslu sína, sem lögreglan tók 10. júní 1977. Hann segir, að maður sá, sem stöðvaði bifreið hans, hafi verið blautur og vankaður og virst hálfbruglaður. Vitnið kveðst ekki geta um það borið, hvort maðurinn var ölvaður eða ekki.

Kristján Rafn Guðmundsson lögregluvarðstjóri, fæddur 28. maí 1944, til heimilis á Ísafirði, var ræstur út um nótt vegna máls þessa af Kristjáni Kristjánssyni varðstjóra, og hittust þeir í sjúkrahúsinu, og var þá verið að bera Sigurgeir Bjarna þangað inn. Vitnið var með Kristjáni varðstjóra, þegar farið var til Indriða Guðmundssonar að sækja þangað slasaðan mann, sem var stefndi Ólafur Róbert. Segir vitnið, að Ólafur Róbert hafi verið ölvaður, og segir jafnframt, að þessi maður hafi ásamt fleirum verið á fyllirii næstu daga á undan og hafi lögreglan þurft að hafa afskipti af þessum hópi. Vitnið kveður Ólaf ekki hafa virst hafa lent mikið í sjónum. Vitnið segir hafa verið áfengisþef af Ólafi eins og af mönnum, sem lengi hafa verið á fyllirii, og lyktin inni í húsinu hafi verið greinileg.

Einar Valur Guðmundsson sjómaður, fæddur 24. ágúst 1958, til heimilis á Ísafirði, var ölvaður umrædda nótt með 2 öðrum mönnum, Bjarnþóri Sverrissyni og Jóni Steinari Ragnarssyni. Kveður hann þá hafa séð þá stefnda Ólaf og réttargæslustefnda Sigurgeir í gulum Volkswagen og hafi Þorgrímur nokkur Guðnason ekið bifreiðinni út í Bolungarvík og aftur inn eftir. Leið svo nokkur tími og hafi vitnið og félagar verið í leigubifreið á Hnífsdalsvegi, eftir að slysið gerðist, sem hér um ræðir. Þar sáu þeir Ólaf Róbert slaga eftir veginum. Hafi Ólafur sagt þeim, að bifreið sín hafi farið út af veginum og væri Sigurgeir enn í henni. Fóru þeir þá honum til hjálpar, eins og áður er fram komið. Vitnið telur Ólaf hafa verið ölvaðan, þar eð hann hafi látið annan mann aka fyrir sig fyrr um nóttina, en þó kveðst vitnið eigi geta af eigin raun um það borið, hvort Ólafur hafi verið ölvaður, þar eð vitnið var sjálft í ölvunarástandi.

Bjarnþór Sverrisson sjómaður, fæddur 3. september 1957, til heimilis á Ísafirði, kveður réttargæslustefnda Sigurgeir Bjarna hafa beðið sig kvöldið 9. júní 1977 að vera ökumann Volkswagen bifreiðar, sem hann var farþegi í, en vitnið neitaði að taka það starf að sér, þar eð það var byrjað drykkju. Vitnið var þá nótt með ádurgreindum Einari Vali og kom á slysstað, eins og áður greinir. Vitnið kveðst ekki geta um það sagt, hvort Ólafur Róbert hafi þá verið ölvaður, þegar það hitti hann á Hnífsdalsvegi eftir slysið, enda þá hlaupið frá Ólafi og á slysstaðinn. Hins vegar kveðst vitnið telja, að Ólafur muni hafa verið ölvaður, þar eð hann hafi áður verið að falast eftir bílstjóra.

Indriði Guðmundsson, Hnífsdalsvegi 35, Ísafirði, fæddur 9. desember 1901, sem skaut skjólshúsi yfir Ólaf Róbert eftir slysið, hefur staðfest ádurgreinda skýrslu sína og kveðst ekkert hafa að segja um meint ölvunarástand Ólafs og vill ekkert láta eftir sér hafa þar um. Hann kveður ekkert áfengi hafa verið í sínum húsum. Vitnið kveðst eigi hafa rætt við Ólaf og eigi hafa haft þá aðstöðu að hafa getað fundið, hvort áfengisþefur hafi verið af andardrætti Ólafs.

Þorgrímur Guðmundsson sjómaður, fæddur 17. september 1933, til heimilis á Ísafirði, staðfestir það, sem Einar Valur segir í skýrslu sinni, að vitnið hafi verið fengið til að aka umræddri bifreið kvöldið 9. júní 1977, þar eð Ólafur Ingibjörnsson hafi sennilega ætlað að „fá sér að drekka.“ Vitnið kveðst hafa ekið m. a. út í Bolungarvík og aftur til baka. Vitnið kveður þá nefnda Ólaf og Sigurgeir báða hafa verið undir áhrifum áfengis. Vitnið man ekki, hvort þeir félagar hafi drukkið í bílnum, en kveðst telja víst, að svo hafi verið. Þó telur vitnið Ólaf ekki hafa verið ölvaðan, þegar hann tók við akstrinum. Vitnið kveðst hafa skilið við bifreiðina hjá hóteli Eddu milli kl. 2 og 3 um nóttina og afhent Ólafi bíllyklana eftir að hafa tekið af honum loforð um, að hann mundi fara að sofa.

Kristján Jón Kristjánsson, lögregluvarðstjóri á Ísafirði, fæddur 28. febrúar 1926, hefur staðfest skýrslu sína, sem áður er um getið. Vitnið kveðst muna það vel, að þegar lögreglumennirnir komu og sóttu Ólaf Róbert heim til Indriða, hafi verið ljóst, að Ólafur var ölvaður. Þó varð ekki úr því, að blóðsýni væri tekð úr Ólafi í sjúkrahúsin, þó að lögreglan ætlaðist til þess. Vitnið tekur sérstaklega fram, að Ólafur hafi borið „öll merki ölvunar, bæði í útliti og lykt.“ Þá segir vitnið, að Ólafur hafi tjáð sér, að Sigurgeir hafi verið ökumaður bifreiðarinnar, er þeir lögreglumennirnir sóttu hann á Hnífsdalsveginn. Enn fremur kveðst vitnið daginn eftir hafa hitt Matthías Guðmundsson, sem hafi tjáð sér, að þeir hafi verið að aka fyrr um kvöldið, bílnum hafi verið lagt fyrir framan Eddu-hótelið og Ólafur síðan farið í óleyfi á bílnum. Matthías hafi sagt vitninu, að Ólafur hafi verið orðinn ofurölvi.

Bifreiðin K 1802 er talin eftir slysið gerónýtt að dómi lögreglu, og er þessu eigi mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda.

Bifreiðin var tryggð lögmæltri ábyrgðartyggingu hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, en hún var eigi húftryggð (kaskótryggð).

Ríkissaksóknari hefur ákveðið að krefjast eigi frekari aðgerða af hálfu ákæruvaldsins gegn Ólafi Róbert Ingibjörnssyni út af framangreindu umferðarslysi og í tengslum við það ætluðu broti gegn áfengis- og umferðarlögum.

Þess ber að geta, að lögmaður stefnanda hefur spurst fyrir um það hjá Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði, hvort fram komi í skýrslum sjúkrahússins, hvort Ólafur Róbert hafi verið í ölvunarástandi, þegar hann var lagður inn í sjúkrahúsið af lögreglunni 10. júní 1977. Þessari fyrirspurn hefur yfir-læknirinn, Úlfur Gunnarsson, svarað þannig, að því aðeins geti sjúkrahúsið gefið umbeðnar upplýsingar, að Ólafur Róbert Ingibjörnsson samþykki. Eigi verður séð þrátt fyrir áskoranir, að slíkt samþykki hafi verið veitt. Umsögn sjúkrahússins um þetta liggur eigi fyrir í málinu.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að stefndi Ólafur Róbert Ingibjörnsson og réttargæslustefndi, Sigurgeir Bjarni Árnason, hafi báðir verið undir áhrifum áfengis, þegar bifreiðinni K 1802 var ekið út af Hnífsdalsvegi 10. júní 1977. Hann beinir kröfum sínum gegn stefnda Ólafi Róbert, en gerir eigi dómkröfu á hendur réttargæslustefnda að svo stöddu. Stefnandi bendir á, að tveir lögreglumenn hafi borið um það vætti, að stefndi Ólafur Róbert hafi sýnilega verið undir áhrifum áfengis, þegar slysið átti sér stað. Telur stefnandi því sannað, að stefndi hafi verið með áfengisáhrifum við akstur bifreiðarinnar, og beri hann því eftir almennum reglum og einnig skv. leigusamningnum ábyrgð á tjóni því, sem hlotist hafi af akstri hans. Sama gildir, þótt réttargæslustefndi hafi verið ökumaður bifreiðarinnar, þar eð hann þá var undir áhrifum áfengis og var einnig óheimill akstur bifreiðarinnar skv. leigumálanum.

Stefnandi hefur gert grein fyrir kröfum sínum sem hér segir:

Aðalkrafa:

Verð bifreiðar	4.000.000
Flutningskostnaður (áætl.)	20.000
Leigugjald 180 daga, kr. 2.500 á dag, að frádregnum kr. 20.000	430.000
	<hr/>
Alls kr.	4.450.000

Varakrafa:

Verð bifreiðar	kr. 1.461.614
----------------------	---------------

Flutningskostnaður (áætl.)	kr.	20.000
Leigugjald (nettó)	—	430.000
		<hr/>
	Alls	kr. 1.911.614

Aðalkröfuna telur stefnandi reista á verði slíkrar bifreiðar, sem hér um ræðir, á stefnuþegi skv. upplýsingum frá Heklu h/f.

Varakrafan gerir ráð fyrir sannanlegu verði bifreiðarinnar á slysþegi auk vaxta frá þeim þegi að telja.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að bifreiðin hafi átt að vera kaskótryggð skv. 5. gr. leigumála um hana og sé slík trygging alger forsenda fyrir leigunni. Stefndi telur stefnanda því eiga að beina kröfum sínum að váttryggjendum bifreiðarinnar.

Þá er því haldið fram, að stefndi hafi eigi verið með áhrifum áfengis, þegar óhappið gerðist, og beri hann því eigi ábyrgð á tjóninu af þeim sökum. Hann bendir á, að lögregla hafi vanrækt að láta fara fram blóðrannsókn vegnar grunar um ölvun við akstur og því bresti sönnun fyrir ætluðu ölvunarástandi stefnda.

Stefndi heldur því og fram, að stefnandi hafi glatað hugsanlegum rétti með aðgerðarleysi sínu um að gera kröfur um langan tíma. Stefndi hefur boðist til að greiða stefnanda kr. 57.500, og er sú fjárhæð út reiknuð þannig:

5 leigudagar á kr. 2.500 á dag	kr.	12.500
5 leigudagar á ca 200 km á 25 pr. km	—	25.000
Eigin áhætta skv. 5. gr. leiguskilmála	—	40.000
	Samtals	kr. 77.500
Frá dregst innborgað geymslufé	—	20.000
Niðurstaða verður því		<hr/>
		kr. 57.500

Í málflutningi hefur lögmaður stefnda breytt framangreindu tilboði úr kr. 57.500 í kr. 17.500, þ. e. 12.500 + 25.000, að frádregnum kr. 20.000, og eru þar með felldar niður úr tilboðinu kr. 40.000 vegna eigin áhættu, sbr. framanritað.

Svo sem fram kemur af gögnum málsins, er svo að sjá sem bifreiðin K 1802 sé ónýtt eftir umferðaróhappið 10. júní 1977, enda eigi mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda, og verður gengið að því sem gefnu, að svo sé.

Þegar stefndi tók bifreiðina á leigu 8. júní 1977, gerði hann um þá leigu samning við stefnanda í venjulegu formi. Á bakhlið samningisins eru prentaðir leiguskilmálar. Þar er m. a. gert ráð fyrir því, að bifreiðin skuli vera

húftryggð (kaskótryggð). Það ákvæði getur eigi firrt stefnda ábyrgð á öku-tækinu, ef hann m. a. lætur annan ökumann aka bifreiðinni án samþykkis leigusala eða ef hann ekur ógætilega eða ef um er að ræða tjón af völdum árkestra eða óhappatilviljana, sem ekki fæst bætt af váttryggingarfélagi bifreiðarinnar. Sama gildir, ef ökumaður er undir áhrifum áfengis við akstur.

Þó að Kristján Jón Kristjánsson lögregluvarðstjóri hafi það í staðfestri skýrslu sinni eftir stefnda, að réttargæslustefndi hafi ekið bifreiðinni, þegar hún fór út af Hnífsdalsvegi 10. júní 1977, svo sem um ræðir í málinu, verður samt að leggja samhljóða framburð þeirra stefnda og réttargæslustefnda til grundvallar og gera ráð fyrir, að stefndi hafi verið ökumaður bifreiðarinnar.

Stefndi hefur haldið því fram, að hann hafi eigi verið undir áhrifum áfengis við téðan akstur, en hann kveðst hafa verið syfjaður og þreyttur, þegar hann lagði af stað frá Ísafirði til Bolungarvíkur í bifreiðinni K 1802 aðfaranótt 10. júní 1977. Hins vegar hafa lögreglumennirnir Kristján Jón Kristjánsson varðstjóri og Kristján Rafn Guðmundsson varðstjóri borið það fyrir sakadómi Ísafjarðar, að stefndi hafi verið með áfengisáhrifum, þegar þeir í tengslum við vettvangsaðgerðir vegna téðs umferðaróhapps sáu og höfðu afskipti af stefnda. Kristján Jón segir í skýrslu sinni, að stefndi hafi „borið með sér öll einkenni ölvunar, bæði í útliti og af lykt.“ Kristján Rafn segir m. a., að stefndi hafi verið „ölvður,“ og enn fremur: „Það hafi verið af honum áfengislykt eins og af mönnum, sem lengi hafi verið á fyllirí, lyktin inni í húsinu hafi verið greinileg.“ Einnig segir hann stefnda hafa verið á „fyllirí“ ásamt fleirum næstu daga á undan og hafi lögreglan þurft að hafa afskipti af þessum hópi, þótt eigi hafi þurft að handtaka neinn úr hópnum.

Vitnið Einar Valur Guðmundsson sjómaður var einn þeirra 3 farþega, sem voru í leigubifreið og komu fyrstir á slysstað 10. júní 1977. Vitnið kveðst telja stefnda hafa verið ölvadan, þar eð hann hafi áður sömu nótt látið annan mann aka bifreiðinni fyrir sig, en samt kveðst vitnið eigi geta borið um það af eigin raun, að stefndi hafi verið ölvður. Í sömu átt hnígur vætti Bjarnþórs H. Sverrissonar, sem kom á vettvang með Einari Vali á sama tíma. Vitnið Indriði Guðmundsson, Hnífsdalsvegi 35, Ísafirði, sem hýsti stefnda eftir óhapp hans 10. júní 1977, kveður sig eigi hafa orðið vart við áfengislykt af stefnda og ekkert hafa að segja um ölvunarástand hans. Hins vegar kveður vitnið ekkert áfengi hafa þá verið í sínum húsum.

Þar sem ekkert hefur komið fram, sem gerir skýrslur framangreindra lögreglumanna ósennilegar, og þeim hefur á engan hátt verið hnekkt og fremur fengið stuðning af vætti annarra, ber að telja það sannað, að stefndi hafi verið með áfengisáhrifum, þegar hann var við stjórn bifreiðarinnar K 1802 og hún fór út af Hnífsdalsvegi 10. júní 1977 og ónýttist. Með því hefur

stefndi brotið gegn leiguskilmálum um bifreiðina, sbr. 5., 9. og 11. tl. þeirra, og bakað sér ábyrgð af tjóni því, sem hlaut á bifreiðinni. Ber því að dæma hann til að bæta það tjón. Þar sem bifreiðin er talin ónýtt eftir slysið og því hefur eigi verið mótmælt, verður reiknað með fullum bóttum fyrir algert tjón á bifreiðinni.

Við ákvörðun bóta þykir rétt að miða við verð bifreiðarinnar á slysdegi og að taka til greina þá fjárhæð, sem stefnandi nefnir í varakröfu sinni, eins og að framan greinir, enda hefur þeirri fjárhæð eigi verið mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda, en um var að ræða nýja bifreið, sem aðeins hafði verið ekið 6.680 km, er leigan hófst. Verð fyrir bifreiðina skv. varakröfu stefnanda, kr. 1.461.614, verður því tekið til greina. Sama er um áætlaðan flutningskostnað bifreiðarinnar til Sauðárkróks, kr. 20.000. Stefnandi hefur krafist 180 daga, eða 6 mánaða, leigugjalds fyrir bifreiðina, og hefur leigu fyrir svo langan tíma verið mótmælt sérstaklega af hálfu stefnda. Rétt þykir að miða hæfilega leigu í þessu sambandi við 3 mánuði, og nemur sú fjárhæð, reiknuð með kr. 2.500 á dag, kr. 225.000. Samtals nema þessar fjárhæðir kr. 1.706.614. Frá dragast innborgaðar kr. 20.000 í geymslufé. Mismunurinn, kr. 1.686.614, eða nýjar krónur 16.866.00, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda með vöxtum, eins og að framan er krafist.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn nýjar kr. 7.000.00.

Engar kröfur hafa verið gerðar á hendur réttargæslustefnda.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Róbert Ingibjörnsson, greiði stefnanda, Guðmundi Tómassyni, nýjar krónur 16.866.00 með 13% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá 10. júní 1977 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og nýjar krónur 7.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.